

Í kvöld á 31. fundi starfsársins var fyrirtækjaheimsókn í Norðurorku.

Gunnur Ýr Stefánsdóttir skrifstofustjóri tók á móti okkur í Rótarýklúbbi Akureyrar og sagði okkur frá hinum mörgu og mjög svo mikilvægu verkefnum sem Norðurorka sinnir.

Það var mjög fræðandi að fá smá innsýn inn í þá vinnu sem liggur að baki þeirra þæginda sem manni hættir til að taka sem sjálfsögðum hlut, það er heitt vatn, neysluvatn, rafmagn og fráveita. Það var líka magnað að heyra hversu vatnsverndarsvæðin eru viðkvæm fyrir mögulegum mengunaróhöppum frá vélknúnum farartækjum.

Einnig var sláandi að heyra hve miklu magni af allskonar sorpi er sturtað niður í klósettum bæjarbúa eða yfir 30 tonnum á ári, eitthvað sem ætti alls ekki að gera.